

2. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 3. September 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru María Valdimarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Sigurborg Sturludóttir, Ríkharður Hrafnkelsson, Dallilja Inga Steinarsdóttir, fyrir hönd X-ins og Vignir Sveinsson, f.h. Íþróttamiðstöðvar.

Ríkharður setti fund kl. 17:00 og bauð Vigni og Ingu Döllu velkomin.

1. Erindisbréf æskulýðs- og íþróttanefndar.
Engar athugasemdir gerðar við erindisbréf nefndarinnar. Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar.
2. Félagsmiðstöð, yfirlit yfir stöðuna, starfsmannamál, opnun, búnað o.fl.
Inga Dalla fór yfir stöðu félagsmiðstöðvarinnar. Vill helst opna ekki seinna en 16. september. Vantar ýmsan smábúnað t.d. Playstation, sjónvarp, geisladiska. Sófar orðnir lélegir.
Lagt til að Inga Dalla byrji sem fyrst þó svo að annar starfsmaður sé ekki kominn.
Allir sammála um að starfið verði svipað og verið hefur undanfarin ár.
3. Íþróttamiðstöð, yfirlit yfir stöðuna, búnað o.fl.
Aðalkörfurnar eru orðnar lélegar. Nýjar kosta ca. 3 milljónir og þarf að huga að þessu sem fyrst (á næstu fjárhagsáætlun). Vignir lagði fram bréf frá íþróttakennurum skólans þar sem óskað er eftir kaupum á áhöldum að upphæð kr. 392.150.-
4. Gjaldskrá í íþróttamiðstöð.
Umræður um gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar. Samþykkt að móta tillögu að gjaldskrá sem síðan verður lögð fram á næsta fundi.
5. Rekstur þrekherbergis í íþróttamiðstöð.
Ýmsar umræður um starfsemi þreksalarins. Vigni falið að gera reglur um umgengni og skiptingu tíma milli hópa og einstaklinga.
6. Hugmyndir um sameiginlegan fund með félögum og stofnunum sem koma að æskulýðsmálum.
Samþykkt að halda sameiginlegan fund með félögum og stofnunum sem koma að æskulýðsmálum miðvikudaginn 18. september kl. 20:00 í Ráðhúsinu.
7. Tímasetning vettvangsskoðunar nefndarinnar í íþróttamiðstöð og X-ið.
Samþykkt að fara í vettvangsskoðun í íþróttamiðstöð fimmtudaginn 5. september kl. 21:00. Vettvangsskoðun í X-ið þegar starfsmenn eru búnir að koma sér fyrir.

8. Önnur mál.

- 8.1. Umræður um reglur varðandi þá sem fá frítt í sund.
Samþykkt að málið verði skoðað fram að næsta fundi.
- 8.2. Umræður um leigu/lán á tækjum X-ins.
- 8.3. Fyrirspurn frá Ingu Döllu um heilsársstarfsmann X-ins.

Fundi slitið kl. 18:34.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.),
Dallilja Inga Steinarsdóttir (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.).

Íhs.